

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 11.35 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 5.70 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 33.00 á hvern fermeter gólfplatlar í rúmi því er lýsa skal.

Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 16.00 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.55 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 25.50 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi sem minna er en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun o. fl.

1. a) Um kwst.mæli á kr. 5.70 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 3 220.00.
- b) Vélanotkun til bráðabirgða um kwst.mæli kr. 5.70 hverja kwst.
2. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.: Um kwst.mæli á kr. 0.95 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 3 220.00.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw., og ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á kr. 0.95 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 3 050.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrjár stundir á dag samkv. þessum gjaldskrárliðum (C 2 og C 3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

4. Um afl- og orkumæli: Af notuðu aflri mælt í stundarfjórðung kr. 3 220.00 á kw. á ári.
5. Um afl- og orkumæli: Af allri notkun á kr. 0.95 kwst.

Samkv. þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósnotkunar kr. 33.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 14.50 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 25.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 1.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.86 hverja kwst.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst. með rofi frá kl. 8—23.

4. Um afl og orkumæli:

- a. Á kr. 0.86 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 676.00 hvert kw.
- b. Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

F. Gatna- og hafnarlýsing.

1. Til gatna og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 5.10 hverja kwst.
2. Til dælingar á neyzluvatni Vatnsveitu Grindavíkur kr. 1.33 hverja kwst.

G. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða, á kr. 3.30 hverja kwst. enda sé notkunin mæld um séræli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-æli á kr. 5.10 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.æli á kr. 1.00 hverja kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 1.00 hverja kwst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 2.55 hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.00.
4. Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—G (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum 60 amp. og minni	kr. 16 50 á mán.
2. Af þrifasamælum 50 amp. og minni	— 21.00 — —
3. Af þrifasamælum 50—100 amp.	— 33.00 — —
4. Af þrifasamælum yfir 100 amp.	— 60.00 — —
5. Af mestaafismælum 100 amp. og og minni	— 55.00 — —
6. Af mestaafismælum yfir 100 amp.	— 100.00 — —
7. Af álagsstýriliðum minni gerð	— 60.00 — —
8. Af álagsstýriliðum stærri gerð	— 90.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársléigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl KVA	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	13 200.00
2.	3 × 100	38	18 865.00
3.	3 × 200	75 sp.	37 730.00
4.	3 × 350	132	61 900.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóð-armörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæm-ara að hafa varkassann á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frá-gang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengi-legt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskrúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 2 450.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 3 220.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal not-andinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útvinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heim-taugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spenni-stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvar-húsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduopnun kr. 330.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 330.00 fyrir enduopnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, nema af hitanotkun, töxtum D 1, D 2, D 3 og D 4.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til

eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 220 7. október 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 2. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 69 4. apríl 1972, um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 25% af tollverði (cif-verði) sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 1/1970. Þó skal einungis innheima 15% gjald af tollverði almenningsbifreiða, í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða, að burðarmagni 6 tonn og þar yfir, úr tollskrárnúmerum 87.02.33 og 87.02.34.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. apríl 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.15% af fasteignamati húss og lóðar. Þó skal aldrei greiða minna en kr. 750.00 af hverri íbúð.

Hús þau, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skulu greiða vatnsskatt samkvæmt mældri eða áætlaðri notkun kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.